

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá gatnagerðargjalds í Akureyrarbæ, nr. 195/2020.

1. gr.

Í ákvæði 4.3, um grunn gatnagerðargjalds, hækkar hundraðshluti af grunni gatnagerðargjalds:
parhúss - raðhúss úr 10% í 15%,
fjölbýlishúss úr 7,5% í 12,5%

Þá kemur nýr liður í ákvæði 4.3 þess efnis að hundraðshluti af grunni gatnagerðargjalds fyrir sameiginlega bílakjallara fjöleignarhúsa verður 5%.

2. gr.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti ofangreinda breytingu á fundi sínum þann 1. júní 2021 og auglýsir þá ákvörðun með tilvísun til laga um gatnagerðargjald, nr. 153/2006.

Breytingin öðlast gildi við birtingu.

F.h. Akureyrarbæjar, 4. júní 2021,

Inga Þöll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður/persónuverndarfulltrúi.